

## Gjaldskrá á endurvinnslustöðvum Kölku í Vogum, Grindavík og Helguvík

Frá og með 1. janúar 2012 er tekin upp gjaldskylda á endurvinnslustöðvum Kölku og verða framvegis innheimt gjöld fyrir ákveðnar tilgreindar tegundir úrgangsefna frá heimilum á Suðurnesjum. Áfram verða þó fjölmargar tilgreindar tegundir úrgangsefna undanþegar gjaldskyldu eins og verið hefur.

Með þessari breytingu fá fyrirtæki aðgang að endurvinnslustöðvum með því skilyrði að greiða fyrir þjónustuna eins og fram kemur í samþykktum um meðhöndlun úrgangs á Suðurnesjum. Vakin er athygli á því að allur úrgangur sem berst á endurvinnslustöðvar Kölku með bifreiðum sem bera rauðar númeraplötur og/eða eru merktar fyrirtækjum, er litið á sem rekstrarúrgang. Úrgangur frá fyrirtækjum sem að mati starfsmanna Kölku er ekki móttökuhæfur á endurvinnslustöð, er vísað til móttökustöðvar í Helguvík.

Gjaldtaka á endurvinnslustöðvum Kölku verður samkvæmt rúmmáli og hér er nánar skilgreint hvaða úrgangsefni eru gjaldskyld og hvaða úrgangsefni eru án gjaldskyldu fyrir heimili. Einnig eru upplýsingar um gjaldskyldu og undanþágur fyrir rekstraraðila sem koma með úrgang á endurvinnslustöðvar. Fyrir rekstraraðila vísast að öðru leyti til gjaldskrár fyrir stofnanir og fyrirtæki.

### Gjöld, kr. með vsk. fyrir einstaka farma:

0,25 m <sup>3</sup>	0,5 m <sup>3</sup>	0,75 m <sup>3</sup>	1 m <sup>3</sup>	1,25 m <sup>3</sup>	1,5 m <sup>3</sup>	1,75 m <sup>3</sup>	2 m <sup>3</sup>
875.-	1.750.-	2.625.-	3.500.-	4.375.-	5.250.-	6.125.-	7.000.-

	Gjaldskytt frá heimilum	Gjaldskytt frá rekstraraðilum
<b>Tímur, allar tegundir</b> þ.m.t. trékassar, vörubretti, húsgögn, innréttingar, gólfefni, o.þ.h.	Já	Já
<b>Grófur og blandaður úrgangur vegna framkvæmda</b> , s.s. gler, steinefni, múrbrot, salerni, handlaugar, baðkór, flísar o.þ.h.	Já	Já
<b>Blandaður úrgangur</b> vegna bifreiðaviðgerða	Já	Já
<b>Blandaður úrgangur</b> vegna húsdýrahalds	Já	Já
<b>Blandaður „heimilisúrgangur“</b> í eðlilegu magni og skyldur úrgangur	Nei	Já
<b>Garða- og gróðurúrgangur</b> s.s. gras, trjágreinar o.þ.h.	Nei	Já
<b>Málmar</b> , allar tegundir	Nei	Nei
<b>Hjólbarðar</b> , allar stærðir	Nei	Nei
<b>Bylgjupappi</b> , blöð, tímarit o.þ.h.	Nei	Nei
<b>Raftæki af ýmsum gerðum</b> s.s. þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, ísskápar, örbylgjuofnar, tölvur, sjónvörp o.þ.h.	Nei	Nei
<b>Spilliefni</b> sem bera úrvinnslugjald (Sjá almenna spilliefnagjaldskrá)	Nei	Nei

**Athugið að allur úrgangur sem móttækinn er á endurvinnslustöðvum Kölku þarf að vera vel flokkaður**